

Alþingi
Erindi nr. P 127/1911
komudagur 15.4.2002



ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

SEB/eeg/02/0970

12.04.2002

Efni: Umsögn skattransóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um alþjóðleg viðskiptafélög 668. mál.

Skattransóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn skattransóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um alþjóðleg hlutafélög 668. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:


u m s ö g n :

Frumvarpið er í samræmi við sambærilegt frumvarp um breytingu á lögum um bókhald og ársreikninga og frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög þar sem gert er ráð fyrir að opnuð verði heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt.

Aðalatriði frá sjónarhóli skattframkvæmdar er að ákvæði laga torveldi ekki aðgengi skattyfirvalda að upplýsingum og möguleikum á að sannreyna skattstofna.

Vakin er athygli á að ákveðnir liðir hljóta alltaf að verða í íslenskum krónum í bókhaldi hlutafélaga. Má þar nefna launabókhald, reikningur virðisaukaskatts, staðgreiðsla opinberra gjalda og útskrift reikninga vegna sölu á vöru eða þjónustu til aðila innanlands. Sömuleiðis þarf að huga að því að umreikningur erlendar myntar yfir í íslenskar krónur er vandmeðfarið atriði þar sem gefa þarf gaum að fjölmörgum álitamálum. Niðurstaða umreiknings þarf ekki að verða sú sama í öllum tilfellum þar ræður aðferð og tímamörk útreiknings miklu.

Virðingarfyllst,


Skúli Eggert Þórðarson